

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 5	Dagsetning	5. mars 2019	Tími	11:30 – 12:30
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi	Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ)			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 5. mars 2019

1. Fundargerð 5. febrúar 2019

Fundargerð stjórnarfundar frá 5. febrúar 2019 samþykkt.

2. Advel

JÁJ gerði grein fyrir samþykktum við Advel vegna grunnmats launa og nýs launakerfis, en Advel er að vinna fyrir FFR vegna sýslumanna og þeirra forstöðumanna sem ekki fengu efnislega úrlausn vegna erindis sem þeir höfðu sent kjararáði.

3. Fundur stjórnar FFR með fjármálaráðherra

Stjórn FFR á fund með fjármálaráðherra síðar í dag. Farið yfir þau mál sem stjórnin vill ræða við ráðherra, en þar ber hæst ný stjórnendastefna, skipunartími forstöðumanna og ákvarðanir ráðherra um að auglýsa störf þeirra að 5 ára skipunartíma liðnum. Farið yfir bréf sem ráðherra verður afhent á fundinum.

4. Félagsfundur FFR

Félagsfundur fyrirhugaður fimmtudaginn 14. mars á Grand Hótel. Samþykkt að bjóða til morgunverðarfundar. Fá fulltrúa KMR til að mæta á fundinn og upplýsa félagsmenn um næstu skref. Samþykkt að JÁJ leiti til fyrirlesara til að fjalla um forvarnir gegn kulnun eða um efni sem getur nýst félagsmönnum sem stjórnendum. HÓS stendur fyrir innkaupadegi þann 21. mars nk. í Hörpu og hann mun kynna fundinn á félagsfundi FFR.

5. Ýmis mál

Samþykkt að skoða hvort ástæða sé til að enduskoða lög félagsins með tilliti til félagsaðildar.

Samþykkt að JÁJ taki saman upplýsingar um þá fundi sem hún hefur átt með forstöðumönnum í tengslum við nýtt grunnmát starfa.